

Nd.

261. Nefndarálit

[133. mál]

um frv. til fjárlaga um heimild til erlendrar lántöku vegna opinberra framkvæmda á árinu 1977.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í nefndinni vilja samþ. frv. óbreytt, en ég tel óhjákvæmilegt að gera á því breytingu.

Í nefndinni lagði ég til að frv. yrði ekki afgreitt fyrir jól, þar sem ljóst er að enginn tími gefst til að fjalla um efni þess að neinu ráði á þeim stutta starfstíma, sem um er ræða. Engin nauðsyn er á að afgr. frv. fyrir jólaleyfi. Þær heimildir til lántöku, sem um er að ræða, geta að skaðlausu legið fyrir í janúar eða febrúar.

Með frv. fylgir lánsfjáráætlun fyrir árið 1977. Þar er um langa skýrslu að ræða og upplýsingar vantar um mörg veigamikil atriði. Verði frv. knúið í gegn af hálfu ríkisstjórnarinnar, tel ég óhjákvæmilegt, að sérstakar umræður fari fram á Alþingi að loknu jólaleyfi, um þau yfirgripsmiklu mál sem lánsfjáráætlun fjallar um.

Í 1. gr. frv. felst heimild til lántöku, sem nemur 939 milljónum króna, vegna járnblendiverksmiðju. Ég er mótfallinn þessari heimild og flyt því breytingartillögu um að fella hana niður.

Ég er hins vegar ekki mótfallinn öðrum lántökuheimildum, sem í frv. felast.

Alþingi, 20. des. 1976.

Lúðvík Jósepsson.